

**Ld.**

**483. Nefndarálit**

um frumvarp til hafnarlaga fyrir Ísafjörð.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er að öllu samhljóða frumvarpi um hafnarlög fyrir Ísafjörð, sem fram var borið í efri deild Alþingis 1917, eins og það var þá samþykkt í þessari háttv. deild.

Að eins í tveim atriðnum er vikið frá því frumvarpi. Annað er fjárveitingin í 1. gr., sem í því var 150 þús., en nú er farið fram á 200 þús. Hitt er, að sektir í 14. gr. eru hækkaðar úr 10—500 kr. í 20—1000 kr. Stendur þetta hvortveggja í sambandi við breytt peningagildi, sem nú er og búast má við, að haldist allengi enn, meira eða minna.

Nefndin getur vísað til álits síns um málið 1917, og vill eins og þá leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, og getur fallist á þær breytingar, sem að fram-  
an er getið.

Alþingi, 23. ágúst 1917.

Karl Einarsson,  
formaður.

M. J. Kristjánsson.

Kristinn Danielsson,  
ritari.